

Gullin í grenndinni nóvember 2018

Heiti verkefnis: Að kynna tré

Markmið verkefnis:

Að nemendur kynnist trénu sem þeir
völdu sér í síðustu ferð.
Viti hvað það heitir og hvað einkennir
það.

Gott að vera búin að prenta út
verkefnablaðið þannig að allir
hópstjórar hafi eitt eintak.

Verkefnalýsing:

Þegar nemendur koma í skógin er þeim skipt í fjóra hópa. Þau fara á staðin
sem þau völdu sér í síðustu ferð. Nemendur og kennarar kynna sig og finna
tréð sem valið var í október. Við ræðum hvað tréð heitir. Er það stórt/lítið,
svert/ grann, lauftré/barrtré? Hvernig lyktar það/hvernig er það viðkomu?

Getum við faðmað tréð?

Að lokinni verkefnavinnu hittast allir hóparnir og fá sér skógarsafa og síðan er
frjáls leikur.

Undirbúningur, námsefni, tæki og tól:

Ekkert þarf að hafa meðferðis en hægt er að vinna úr ferðinni með því að
teikna mynd af trénu.